

3. - 4. bekkur 2020 -2021

Umsjónarkennari: Karen Óskarsdóttir

Heimastofa: Hamraland

Í 3.-4.bekk leggjum við mikla áherslu á samskipti og félagsfærni. Við leggjum okkur fram við að efla sjálfsmynd nemenda með jákvæðni, hvattingu og hrósi að leiðarljósi.

Kennslan beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun.

Leitast er við að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun nemenda sem og skapandi hugsun og lausnaleit. Nemendur þjálfast í að rökraða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti.

Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðað nám, fjölbreyttar og skemmtilegar kennsluáðferðir.

ART er kennt einu í viku. Í ART tímum er kennd félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði.

Íslenska – 3.bekkur

Kennari: Karen Óskarsdóttir

Markmið - Sjá lokamarkmið í Aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið 2013

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Helstu viðfangsefni - - Lestrarþjálfun sem eykur orðaforða, málþroska og skýra framsögn, tjáning, hlustun, ritun- og skriftarþjálfun (t.d. halda rétt á skriffæri og draga rétt til stafs), sérhljóðar og samhljóðar, samheiti, andheiti, samsett orð, eintala, fleirtala, sérnöfn, samnöfn, stór og lítill stafur, ng og nk regla,, n og nn reglan, kyn orða, þjálfun í fingrasetningu á tölvu, stafrófið, kynning á no, lo og so, helstu greinamerki (punktur, komma, spurningamerki og gæsalappir), vísur, kvæði, ljóðlínur og rím. Þá verður fjallað um hugtök eins og forsíða, bakskíða, kafli og efnisyfirlit bóka.

Námsgögn – Vinnubækur af Skólavefnum, krossgátur, skriftarbækur/blöð, lestrarbækur við hæfi hvers og eins, stílabækur, stílabækur, margs konar efni af netinu, t.d. gagnvirkt (krakkasíður). Við þjálfun í málfræði (stafrófið, rím, samheiti/andheiti, nútíð/þátíð, eintala/fleirtala).

Kennsluhættir – Leitast verður við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta og grunnþættir menntunar, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti, sköpun, lýðræði og mannréttindi, hafðir að leiðarljósi. Stefnt er að því að auka val nemenda um viðfangsefni og námsleiðir ásamt því að námsmarkmið verði einstaklingsmiðaðri.

Kennari leggur inn ákveðin atriði og útskýrir, einstaklingsvinna, paravinna, hópvinna, stöðvavinna og umræður þar sem að allir fá að tjá sig og hlusta á aðra. Leitast er við að hver og einn fái verkefni við hæfi. Nauðsynlegt er að nemendur lesi upphátt heima 5 sinnum í viku og kvittað sé fyrir í sérstakt hefti. Kennari athugar vikulega hvort áberandi misbrestur sé á heimalestri og gerir þá athugasemdir. Kennari les fyrir börnin.

Kennslufyrirkomulag – Samkennsla er í 3. og 4. bekk. Í 3. bekk eru 5 nemendur en 7 í 4. bekk. Íslenska er á dagskrá alla daga vikunnar samtals 270 mín á viku.

Námsmat – Stefnt er að lestrarprófi, þar sem lesfimi er mæld, 3 sinnum yfir veturinn. Að þeim loknum fá foreldrar niðurstöður því geta fylgst með árangri baranna.

Að öðru leyti verður stuðst við leiðsagnarmat, sjálfsmat, kannanir, og frammistöðu nemenda í kennslustundum. Metnir eru allir þættir námsins, þekking, leikni og hæfni af viðmiðum í aðalnámskrá.

Stærðfræði – 3.bekkur **Kennari: Karen Óskarsdóttir**

Markmið - Sjá markmið í Aðalnámskrá grunnskóla fyrir stærðfræði.

Helstu viðfangsefni - Áhersla lögð á samlagningu, frádrátt, margföldun, form, gerð kannana og súlurita, tímatalshugtök, mælingu, klukkuna og tugakerfið.

Námsgögn – Nemendabók og Æfingarhefti 3b í Sprotabókarflokknum. Bækurnar í „Í undirdjúpunum“. Vasareiknishefti. Ljósrit úr eldri bókum og verkefni af netinu. Gagnvirkar og verklegar æfingar, leikir og spil.

Kennsluhættir – Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna eru þær leiðir sem farnar eru. Unnið verður öðru hvoru í stöðvavinnu þar sem kennari leggur inn efnið og nemendur þjálfá sig á ýmsan hátt. Samræður spila veigamiknið hlutverk í námi barnsins.

Náttúrufræði/Samfélagsfræði – 3.bekkur **Kennari: Kjartan H. Ágústsson**

Markmið - Sjá lokamarkmið í Aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið 2013 <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Helstu viðfangsefni - Þau viðfangsefni sem tekin verða fyrir í náttúrufræði eru sjálfbærni, veðrun, ýmsar tegundir rofa, hitastig, hamur efna, vistkerfi, fæðukeðja og búsvæði. Áhersla verður á nærumhverfið og umhverfismál s.s. flokkun úrgangs og sóun.

Í samfélagsfræði verða teknar fyrir þjóðsögur og landakortalestur. Fjallað verður um samskipti og réttindi og skyldur. Einnig verður rætt um mikilvægi hollrar næringar, hreyfingar og hvíldar.

Kennsluhættir – Unnið með samræðu og fjölbreyttar verklegar æfingar sem eru bæði einstaklingsverkefni og hópaverkefni.

Kennslufyrirkomulag – Á haustönn er áhersla á náttúrufræði og á vorönn samfélagsfræði. Samkennsla 3.-4.bekkjara. Kennt er fjórum sinnum í viku samtals 200 mín.

Námsmat – Metnir eru allir þættir námsins, þekking, leikni og hæfni af viðmiðum í aðalnámskrá.

ART – 3.bekkur

Kennari: Karen Óskarsdóttir og Lilja Loftsdóttir

Markmið

- Að vekja nemendur til umhugsunar um þau hugtök sem notuð eru í félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund.
- Að kenna nemendum að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annara.
- Að kenna nemendum jákvæðar leiðir í samskiptum

Helstu viðfangsefni

Félagsfærniþjálfun - Nemendum eru kennd jákvæð samskipti t.d. með umræðum, hlutverkaleikjum.

Sjálfsstjórn – Nemendum eru kenndar leiðir til þess að bregðast við árekstrum og stjórna skapinu sínu. Nemendum eru kenndar nýjar samskiptaleiðir og efla þannig félagslega færni.

Efning siðferðis – Þjálfun í rökræðum, með aðstoð kennara, út frá klípusögum þar sem fram koma siðferðileg álitamál.

Námsgögn og kennsluhættir – ART námsefni, efni af veraldarvefnum og búin til af kennurum. Kennsluhættir eru fjölbreyttir en mikið er um hlutverkaleiki og umræður.

Kennslufyrirkomulag – ART er í stundatöflu barnanna 1x í viku í 40 mín. Hver tími byrjar og endar á sama hátt og lögð er áhersla á það að skapa umhverfi þar sem börnunum líður vel og að tímarnir séu hnitmiðaðir og skemmtilegir.

Skólaípróttir - 3.bekkur

Kennari: Elin Moqvist

Markmið - Sjá Aðalnámskrá:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Helstu viðfangsefni- Farið verður í undirstöðuatriði helstu íþróttagreina og leikir sem stunduð eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræðni, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Einnig er lögð áhersla á sköpun nemenda, tjáningu og heilbrigði. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Námsgögn - Unnið er með þau íþróttáhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

Kennsluhættir - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins og stundum til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margt konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

Kennslufyrirkomulag - Nemendur hljóta íþróttakennslu í 60 mín. í senn, 1x í viku. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er nokkrar vikur að hausti og að vori.

Námsmat - Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Sund - 3.bekkur

Kennari: Guðbjörg H. Bjarnadóttir

Markmið

Sjá Aðalnámskrá: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðalviðfangsefni

Börnin fá verkefni við hæfi ma. í vatnsaðlögun, hreyfinámi, og stigbundinni sundkennslu. Lögð er áhersla á grunnhreyfingar sundtaka í skriðsundi, bringusundi, skólabaksundi og baksundi. Nemendur sem ljúka 4.bekk þurfa að hafa öðlast nokkra kunnáttu í sundaðferðunum og geta bjargað sér á sundi þar sem þeim er heimilft að fara í sund án fylgdarmanns eftir 1.júní það ár.

Námsgögn

Unnið er með þau áhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

Kennsluhættir

Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

Kennslufyrirkomulag

- Nemendur eru í tveimur hópum, 3 bekkur saman og 4 bekkur saman.
- Kennnt er 40 mín. í senn 1x í viku.
- Kennslan fer fram í Neslaug.

Námsmat

Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Útinám – 3.bekkur

Kennari: Elin Moqvist

Aðalviðfangsefni

Viðfangsefni þessara kennslustunda eru mjög fjölbreytt og snerta flestar aðrar námsgreinar. Mikilvægt er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúruaflanna á þeirra daglega lífi. Lögð verður sérstök áhersla á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar, veðurfar og hreyfingu. Mannleg samskipti, upplifun og félagsfærniþættir vega þungt og lögð er áhersla á að innræta sterkt og gott viðhorf til náttúrunnar, hollrar útivistar, hreyfingar og heilbrigði.

Námsgögn og kennsluhættir

Kennslan fer að mestu leyti fram úti. Ýmist eru umræður og athuganir eða unnin verkefni og þrautir leystar. Nemendur vinna saman að öflun gagna, athugunum, prófunum, mælingum, úrvinnslu og kynningum.

Kennslufyrirkomulag

Nemendur hljóta útinám í 40 mínútur í senn, 1x í viku.

Námsmat

Fylgst er með færni og framförum einstaklingsins og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Sjálfstæði og samvinna ásamt virkni eru þættir sem áhersla er lögð á.

Upplýsingatækni – 3. bekkur

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

Markmið: Sjá Aðalnámskrá grunnskóla á heimasíðu menntamálaráðuneytisins:

www.menntamalaraduneyti.is

Aðalviðfangsefni eru:

- Nemendur læri grunnmengni við tölvur t.d. frágang, skrá sig inn eftir lykilorði o.fl.
- Nemendur kynnist þeim möguleikum sem tölvur búa yfir.
- Nemendur læri að nýta sér tölvur við ritun.
- Nemendur byrji að tileinka sér rétta fingrasetningu.

Námsgögn og kennsluhættir : Unnið er með kennsluforrit og verkefni útbúin af kennara. Notaðar eru bæði fartölvur og spjaldtölvur. Samþætting við aðrar námsgreinar.

Kennslufyrirkomulag: 1 kennslustund í viku.

Námsmat - Leiðsagnarmat: Umsögn frá kennara um umgengni, vinnusemi og áhuga í lok annar.

Myndmennt - 3. bekkur

Kennari : Helena Steinþórsdóttir

Markmið

Að nemandi: Geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Þekki hugtakið sjónarhorn og geti unnið með mismunandi sjónarhorn. Geti unnið mynd eftir fyrirmynd. Geti gert sér grein fyrir verðmæti efna sem unnið er með. Kynnist bæði íslenskum og erlendum listamönnum frá ýmsum tímum og verkum þeirra. Kynnist litafræði og litablöndun. Geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum. Læri að þekja eiginleka hvers miðils fyrir sig. Horfi á umhverfi sitt og þjálfist í að notfæra sér það sem hann uppgötvar. Þekki möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt. Geti lýst munnlega/skriflega skoðun sinni á myndverki.

Námsgögn

Unnið verkefni úr bókinni: „Ég sé með teikningu“ og hugmyndum sem fundnar eru á netinu.

Námsmat

Símat kennara sem einkum felur í sér eftirfarandi þætti: áhuga, samvirkusemi, elju, sjálfstæði, skapandi vinnubrögð og frágang.

Kennsluhættir

Hugmynd af verkefni er kynnt fyrir nemendum sem unnið er eftir. Ýtt er undir sköpunargleði hvers og eins og stutt við hugmyndir sem koma til nemenda við sköpunina.

Kennslufyrirkomulag

Myndmennt er kennd einu sinni í viku.

Hönnun og smíði - 3.bekkur

Kennari: Lilja Loftsdóttir

Markmið

Sjá aðalnámskrá: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðalviðfangsefni

Nemendur smíða hlut úr efni úr skóginum í Þjórsárdal. Einnig verða unnin verkefni úr ýmsum öðrum efnum þar sem nýsköpunarkennsla fléttast inn. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í læsi og geti unnið út frá teikningum og að nemendur læri að velja rétt verkfæri hverju sinni.

Námsgögn

Smíði eftir Árna Árnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson
Ljósrit frá kennara
Veraldarvefurinn

Kennsluhættir

Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til einstaklingsins. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði og vera sjálfstæðir í vinnubrögðum.

Kennslufyrirkomulag

Bekkurinn fær hálfra haustönn og hálfra vorönn í smíði. Kennt er einu sinni í viku í 80 mín.

Námsmat

Þættir eins og hæfni í notkun áhalda, frágangi og vandvirkni eru metnir.

Textílmennt - 3. bekkur

Kennari: Árdís Jónsdóttir

Markmið: Sjá aðalnámskrá

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

Helstu viðfangsefni: hugtök í textílmennt, notkun saumavélar, garðaprjón, hekl, útsaumur til skreytingar, endurnýting, sköpun, sjálfstæði í vinnubrögðum.

Kennsluhættir: Bein kennsla og sýnikennsla m.a. á youtube þar sem ýmiss konar aðferðir í textílvinnu eru sýndar. Hver og einn nemandi hefur verkefni við hæfi. Kennari leggur áherslu á að ákveðin verkefni séu unnin í hverjum bekk. Síðan fá nemendur að velja sér verkefni í samráði við kennara.

Þegar gengið hefur verið frá verkefnum eru þau til sýnis í holi skólans um tíma.

Kennslufyrirkomulag: Á stundaskrá eru tvær kennslustundir (80 mín) vikulega hálfra haustönn og hálfra vorönn.

Námsmat: Símat, leiðsagnarmat, sjálfsmat. Eftir hverja kennslustund metur kennari ákveðna þætti hjá nemendum, t.d. frumkvæði, vandvirkni, vinnusemi, hegðun og frágang í skólastofu. Námsmat í lok annar byggist á þessum skráningum. Kennari myndar öll verkefni sem nemandi vinnur þannig að nemendur geta skoðað hvað þeir hafa fengist við í textíltímum.

Heimilisfræði – 3.bekkur

Kennari: Karen Óskarsdóttir

Markmið - Sjá aðalnámskrá grunnskóla fyrir heimilisfræði:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Helstu viðfangsefni

- Einfaldar uppskriftir
- Heilbrigðir lífshættir
- Neysluvenjur
- Umhverfisvernd

Námsgögn – Heimilisfræði 3

Kennsluhættir – Verklegar æfingar og umræður.

Kennslufyrirkomulag – Heimilisfræði er kennd í tveim samliggjandi tímum einu sinni í viku í 8 skipti.

Námsmat – Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Sjálfstæði og samvinna ásamt virkni eru þættir sem áhersla er lögð á.

Enska - 3. bekkur

Kennari: Helena Steinþórsdóttir

Markmið

Sjá markmið í Aðalnámskrá grunnskóla fyrir ensku:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Aðal viðfangsefnin

Að hlusta á ensku og læra einfaldan orðaforða. Segja upphátt og endutaka elgeng orð og setningar. Numbers, colors, family, body, animals, birthday. Nemendur læra að kynna sig og heilsa, fylgja einföldum fyrirmælum kennara, taka undir í söng og skrifað einföld orð og setningar.

Námsgögn

Little Bugs 2

Ein saga lesin úr safni Roald Dahl og höfundinum

Útprintað námsefni, gagnvirkt efni og kennsluforrit af veraldarvefnum, orðabækur, spil, leikir og söngvar.

Kennsluhættir

Áhersla er lögð á að byggja jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður sem örva nemendur til þess að nota málið á einfaldan hátt.

Helstu kennsluaðferðir eru einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna, stöðvavinna og leikræn tjáning.

Unnið verður með hvert viðfangsefni á fjölbreyttan hátt, eins og í gegnum leiki, söngva, hugarkort, teikningar og stutt skrifleg verkefni.

Kennslufyrirkomulag

Enska er kennd einu sinni í viku í 40 mínútur í senn.

Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og virknimat. Nemendur safna verkefnum sínum saman í námsmöppu.

Tónmennt - 3. bekkur

Kennari: Guðmundur Pálsson

Markmið

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

- Í þriðja og fjórða bekk geti nemendur sungið ýmis íslensk sönglög/dægurlög, ný og gömul.
- Ráði við að klappa flókinn rytma þar sem sextánudpartar koma oft fyrir og punkteringar.
- Þekki helstu ítalskar tónlistarmerkingar til viðbótar; Allegro, adagio, legato, staccato, dolce.

Námsleiðir

- Nemendur vinna með og upplifa tónlist í gegnum söng, hreyfingu, hlustun, hljóðfæranotkun og lestur og ritun.
- Sönglög verða kennd á fjölbreyttan hátt og unnið með frumþætti tónlistar samhliða.
- Unnið verður með hryn og púls í lögum sem þau syngja og hlusta á, ýmist með hreyfingu eða bók- og hljóðfæraslætti.
- Unnið verður með frumþætti tónlistar og tónlistarhugtök í gegn um söng, hreyfingu, hlustun og notkun á grafískri nótnaskrift.
- Með hljóðum sem líkaminn býður upp á og skólahljóðfærum vinnum við með það að vera samtaka, koma inn á réttum stað, stoppa og fylgja stjórn.

Námsefni

Það var lagið - hugmyndaefni í tónmennt. Leikum og syngjum - verkefnabók. Myndir, tákn, geisladiskar, skólahljóðfæri. Karnival dýranna (tónlist bók og spil). Námsefni á kennsluvefnum tonmennt.com.

Sögurnar um Maxímús Músíkús ásamt verkefnum. Lög sungin aðalega úr bókinni Syngjandi skóli.

Námsmat

Byggir á virkni, getu, hegðun og þátttöku í tímum. Umsögn gefin í lok hverrar annar.